

Þyrluslysið í Jökulfjörðum:

Fjögurra saknað af TF-RÁN

Orsakir slyssins ókunnar

Enn er ekkert vitað um ástæður slyssins við Jökulfirði á sl. þriðjudagskvöld þegar þyrla Landhelgisgæslunnar TF-RÁN fór samt fjögurra manna áhöfn. Tveir flugmenn voru um borð, flugvirki og stýrimaður. Þyrlan hafði hafið sig upp af varðskipinu Óðni laust fyrir kl. 23 á þriðjudagskvöldið og var ætlun flugmanna að æfa hífingar með spili þyrlunnar. Þrem mínútum eftir að þyrlan hóf sig til flugs heyrðu varðskipsmenn kall frá þyrlunni en síðan hefur ekkert til hennar spurst. Þegar var hafin leit að þyrlunni og tóku þátt í henni, auk varðskipisins, rækjubátar frá Vestfjörðum sem voru á veiðum á nálægum slóðum og björgunarsveitir frá Bolungarvík, Hnífsdal, Ísafirði og Súðavík. Þá fóru á vettvang vél frá flugmálastjórn Hercules-vél og þyrla frá bandaríska hernum á Keflavíkflugvelli. Vegna slæmra skilyrða urðu þær að hætta við leit.

Brak fannst úr þyrlunni um kl. 2 eftir miðnætti. Þá fannst hreyfilblað þyrlunnar, sjúkrataska, brot úr hjólabúnaði og öryggishjálmur. Brakið fannst um hálfu sjómílu frá landi á milli Lónafjarðar og Veiðileysufjarðar. Í gærmorgun bættust í leitina þyrla frá danska varðskipinu Vædderen og rétt eftir hádegjónu fór Fokker-vél Landhelgisgæslunnar, TF-SÝN, á vettvang. Þá var leitað bæði úr lofti og sjó auk þess sem björgunarmenn gengu nálægar fjörur. TF-SÝN fór með sérstök leitartæki sem nema hljóðmerki frá þyrlunni. Mjög var talið líklegt að þyrlan hafi lent í sjónum en á þeim

slóðum, þar sem talið er að slysið hafi orðið, er sjávardýpi mikið.

Margsinnis bjargað mannlífum

Þyrla Landhelgisgæslunnar RF-RÁN hefur margsinnis bjargað mönnum úr lífsháka og er þar skemmst að minnst þess er þrem skipverjum á Hafnerinum SG 122 sem fórst við Bjarnarey á Breiðafirði. Flugmenn þyrlunnar, þeir Þórhallur Karlsson og Björn Jónsson hafa langa starfsreynslu að baki og var Björn fyrsti þyrluflugmaður Landhelgisgæslunnar. Fyrir stuttu síðan komu þeir úr endur-



TF-RÁN fórst undir Kvíarfjalli, sem er lengst til vinstri á þessari mynd. Fyrir miðju er Lónsfjörður og til hægri sést í mynni Hrafnfjarðar.

þjálfunarnámskeiði í Florida í Bandaríkjunum. Þeir Bjarni Jóhannesson flugvirki og Sigurjón Ingi Sigurjónsson stýrimaður höfðu einnig langan starfsferil að baki hjá gæslunni.

Veðurskilyrði voru með sæmi-

legasta móti á þeim tíma er slysið varð. Suð-vestan hægur vindur. Þegar leið á nóttina fór að ganga á með eljum, en í gær var veður allgott mestanpart dags.

Síðla dags í gær héldu kafarar frá bandaríska hernum með bát til

Jökulfjarða og höfðu þeir í hyggju að láta fyrirberast um borð í Varðskipinu Óðni um nóttina en hefja síðan köfun þegar í birtingu. Langt fram eftir kvöldi í gær var leitað að braki þyrlunnar með aðstoð sónar-tækja.

—hól.

Þeirra er saknað

Þeirra sem saknað er með þyrlu Landhelgisgæslunnar TF-RÁN voru eftirtaldir starfsmenn gæslunnar:

Þórhallur Karlsson flugmaður til heimilis að Rauðahjalla 11 Kópavogi, fæddur 20. október 1943. Hann er kvæntur og á þrjú börn. Þórhallur lauk atvinnuflugmannsprófi árið 1964 og þyrluprófi 1971. Hann hefur starfað hjá Landhelgisgæslunni frá 1971 og flogið bæði Fokkervél hennar og þyrlum.

Björn Jónsson flugmaður til heimilis að Eskihlíð 26, fæddur 10. nóvember 1931. Hann á þrjú börn. Björn lauk atvinnuflugmannsprófi árið 1958 og þyrluprófi 1960. Hann var fyrsti þyrluflugmaður Landhelgisgæslunnar og flaug fyrstu þyrlunni sem gæslan tók í notkun, TF-EIR.

Bjarni Jóhannesson flugvélstjóri



Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-RÁN, á flugi yfir Reykjavík. Þyrlan var að gerðinni Sikorsky S-76A og var keypt hingað til lands árið 1980. Hún var þeim kostum búin að geta bjargað mönnum um borð með spili. Áhöfn þyrlunnar saman stóð af fjórum mönnum, tveimur flugmönnum, flugvirkja og stýrimanni. TF-RÁN hefur hvað eftir annað sannað hæfni sína við hinar erfiðustu aðstæður, nú síðast þegar Haförninn fórst en þá bjargaði þyrlan þrem mönnum um borð. Minni þyrla Landhelgisgæslunnar ber einkennisstafina TF-GRO.

til heimilis að Breiðvangi 41 Hafnarfirði, fæddur 21. mars 1947. Hann er kvæntur og á fjögur börn. Bjarni hóf störf hjá Landhelgisgæslunni árið 1976.

Sigurjón Ingi Sigurjónsson stýrimaður til heimilis að Laugavegi 49. Hann á þrjú börn. Sigurjón hóf störf hjá Landhelgisgæslunni árið 1966.

— hól.

Ótímabær fréttáflutningur

„Eftir þá umræðu sem var í söllum Alþingis á dögunum um ótímabæran fréttáflutning af slysum finnst okkur það undarlegt að eitt dagblaðanna skuli senda frá sér frétt um slysið á Jökulfjörðum þegar augljóst er að ekki hefur tekist að ná í alla ættingja þeirra sem saknað var“, sögðu þeir Jón Steindórsson loftskeytamaður og Sigurjón Sveinsson flugmaður báðir starfsmenn Landhelgisgæslunnar þegar Þjóðviljinn hafði tal af þeim í gær í flugstöð Landhelgisgæslunnar við Nauthólsvík.

Þeir sögðu að mikið hefði verið rætt um þetta atriði meðal starfsmanna gæslunnar og hefði þar komið fram sú skoðun að fara yrði með slík mál af mikilli gát. „Það er nú einu sinni svo að blöðin eiga skyldum að gegna gagnvart lesendum sínum, en í þessu tilviki þykir okkur sýnt að gleymst hafi að aðstandendur geta líka verið lesendur“, sögðu þeir Jón og Sigurjón.

—hól.

Sparisjóður Mýrasýslu 70 ára

Á morgun er Sparisjóður Mýrasýslu 70 ára. Hann tók til starfa 1. okt. það ár. Aðalhvatamaður að stofnun sjóðsins var Jóhann Magnússon, bóndi á Hamri. Málið kom til kasta sýslunefndar. Ákvað hún að stofna sjóðinn og ábyrgjast hann.


Sparisjóðurinn var fyrst til húsa í „Sölku“, en þar bjó fyrsti starfsmáðurinn, Eðvarð Rúnólfsson. Árið 1920 flutti sjóðurinn í hús þar sem hann var til 1962. Síðan hefur hann verið í eigin húsnæði að Borgarbraut 14.

Viðskiptasvæði Sparisjóðsins er einkum Mýrasýsla, Borgarfjarðarsýsla innan Skarðheiðar og Snæfellsnes sunnanvert. Starfsmenn eru 20, þar af 5 í hálfu starfi. Sparisjóðsstjóri er Friðjón Sveinbjörnsson en stjórnarformaður Magnús Sigurðsson, bóndi á Gilsbakka.

Í tilefni af afmælinu býður Sparisjóðurinn viðskiptavinum sínum og velunnurum kaffiveitingar í afgreiðslusal sjóðsins föstudaginn

11. nóv. (á morgun), kl. 9.15 til 16.00. Þar verður einnig framreitt eitthvað við hæfi barna. Gestum er jafnframt boðið að skoða húskynni Sparisjóðsins. Þess er vænst, að sem flestir liti inn.

—mhg



SPARISJÓÐUR MÝRASÝSLU

Frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla

Innritun nemenda á vorönn 1984 lýkur föstudaginn 18. nóvember. Fyrri umsagnir þarf að staðfesta fyrir sama tíma. **Skólameistari.**

Alþýðubandalagsfélagar

Við skorum á ykkur að greiða gjaldfallin félagsgjöld fyrir landsfund. Gíróseðlana má greiða í öllum bönkum og pósthúsum.

Stjórn ABR.

Blaðberi óskast

í Sörlaskjól — Strax

ÞJÓÐVILJINN Sími: 81333